



Dagsetning: 3. desember 2025
Málsnúmer: 2401096/8.0

Til bæjarráðs, nefndar eða starfsmanns

MINNISBLAÐ

Minnisblað – Samningur Fjarðabyggðar og Múlaþings um aðgangsstýringar- og vefsölukerfi fyrir skíðasvæði.

Lagt er fram til samþykktar samstarfssamkomulag á milli Fjarðabyggðar og Múlaþings um rekstur aðgangsstýringar- og vefsölukerfis sem tengist sölu á skíðakortum fyrir Oddsskarð og Stafdal. Samningurinn hefur verið yfirfarinn og samþykktur af formönnum bæjarráða beggja sveitarfélaga. Markmið samningsins er að tryggja sameiginlega, hagkvæma og samræmda lausn fyrir vefsölu og aðgangsstýringu sem þjónustar bæði skíðasvæðin. Tekjur skiptast á milli sveitarfélaganna út frá póstnúmeraskráningu kaupenda og er jafnframt kveðið á um að tekjur frá aðilum utan sveitarfélaganna skiptist jafnt. Fjarðabyggð heldur utan um samskipti og umsýslu við þjónustuaðila kerfanna en rekstrar- og leyfiskostnaður af hugbúnaðarlausnum er greiddur að jöfnu. Hvor aðili ber ábyrgð á sínum jaðarbúnaði. Gert er ráð fyrir árlegri endurskoðun og 6 mánaða uppsagnarfresti. Samningurinn tekur gildi 15. desember 2025.

Magnús Árni Gunnarsson

Stjórnandi íþróttar- og frístundamála

